

## Hestamannafélagið Kjóavöllum

7. fundur, haldin mánudaginn 29.10.2012 kl. 16:30 í reiðhöll Gusts.

Mætt til fundarinnis voru: Sveinbjörn Sveinbjörnsson, Þorvaldur Sigurðsson, Guðmundur Hagalínsson, Ingibjörg G. Geirsdóttir, Hermann Vilmundarson og Halldór H. Halldórsson.

1. Gengið frá afsali eigna Andvara til Hestamannafélagsins á Kjóavöllum ( HK ), lagfæra þarf þó skjal og bæta í kennitölu áður en til undirritunar getur komið, IGG og SS klára það mál.
2. SS og PS sögðu frá fundi með JÁ verk lægstbjóðenda í reiðhöll á Kjóavöllum, leist vel á viðsejndur sem stefna á verklok í okt. 2013. Greiðsluáætlun vegna reiðhallarinnar hefur verið lögð fram alls 401,9 M.kr. á tímabilinu. Eftir er að semja um áhorfendapalla, ca. 18-20 M.kr.
3. GH fór yfir inn- og útgreiðslur, einungis hafa borist inngreiðslur frá Gusti 38,6 M.kr. Útgreiðslur eru: Loftorka 32.25 M.kr. Verkís 4.65 M.kr. Sveinn Ívarsson 2.5 M.kr. Landform 1.2 M.kr. annað 0,2 M.kr. **alls 40.8 M.kr.** Greiðslur um nk. mánaðamót eru Verkís 1.1 M.kr. Loftorka 3.9 M.kr. Landform 0.85 M.kr. **alls 5.85 M.kr.**
4. SS fór yfir grófa kostn.áætlun á uppbyggingartímabilinu gangi hún eftir mun vanta um **30. M.kr** í pen. Rætt um sölu á Hattarvöllum 1 sem er 173 m2 með millilofti, gróft verðmat er um 20.5 M.kr. hugsanlega eru kaupendur að eigninni. IGG óskar eftir tilboðum frá þeim.
5. Rætt um félagsfund þann 13. nóv. nk. finna þarf fundinum stað, SS athugar með sal í Kórnum annars í glaðheimum Gusts. Skipa þarf í fimm veigamiklar nefndir fyrir fundinn, þ.e. æskulýðsnefnd, fræðslunefnd, mótanefnd, umhverfisnefnd og laganefnd. PS stillir upp dagsskrá og heldur um fundarstjórn, HHH tilnefndur til fundarritara. GE fenginn til að kynna framkvæmdir á svæðinu sem og reiðhallarbyggingu. GH fer yfir fjárhagstöðu og kostnaðaráætlanir. HHH kynnr reiðleiðir út af Kjóavallasvæðinu. Fundurinn einungis opinn gildum félögum í Gusti og Andvara og teljast þeir stofnfélagar, fundurinn einnig opinn þeim sem ganga í Hestamannafélagið Kjóavöllum á fundinum og teljast þeir einnig stofnfélagar. Undirbúa þarf allar kynningar á fundinum vel, með t.d. samræmdri glæru kynningu. Kynna þarf fundinn vel út á við, í blöðum, hófapressu, heimasíðum og etv. útvarpi og skjáauglýsingu í sjónvarpi.
6. SS ræddi aðild HK að UMSK, ÍSÍ og LH, hvernig það geti gengið klakklaut fyrir sig, HV ræðir við Valdimar formann UMSK vegna þessa.
7. HHH ræddi reiðveg meðfram Elliðavatnsvegi og Markavegi.

Fleira ekki fært til bókar.

Fundi slitið kl. 18:20

Fundarritun. Halldór H. Halldórsson